



Bréfa- og málasafn 1952

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Bréf - Agreement on procedure for Sub-Contracting in Iceland. H. G. Andersen, R.G. Lovett, O.B. Beasley - Agnar Kl. Jónsson - E. J. McGAW, Brigadier General, U.S. Army Commander - Eiríkur Benedikz, Sendiráð Íslands - Gunnlaugur Pétursson, Sendiráði Íslands - Kristján Albertsson: European Office of the United Nations - Pétur Benediktsson - Sigurd Dundas, Consul General of Iceland - Vilhjálmur Finnsen, Aðalræðismaður Íslands í Þýskalandi - Iceland Legation, París - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-14, Örsk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MVM/EP

Reykjavik, 24th March, 1952.

Dear Mr. Dundas,

I want to thank you for your excellent assistance and generous hospitality which you showed me during my stay in Lisbon while I was attending the meeting of the North Atlantic Council. I shall always remember with pleasure my visit to that beautiful city and your share in making my stay so enjoyable.

Please give my best regards to Mrs. Dundas.

Yours sincerely,

Mr. Sigurd Dundas,
Consul General of Iceland,
Lisbon.

Reykjavík, July 28th, 1952.

Dear Sirs:

Kindly forward the following books to me
c/o the Legation of Iceland, 17, Buckingham Gate,
London, S.W.1. and debit the amount to my account
with you:

Memoirs. By Franz von Papen. (André Deutsch.
25s.)

The Traitors. By Alan Moorehead.
(Hamish Hamilton. 12s. 6d.)

Mr. President: Personal Diaries, Private Letters,
Papers and Revealing Interviews of Harry S.
Truman, Thirty-Second President of the United
States of America. By William Hillman.
With photographs by Alfred Wagg. (Hutchinson.
21s.)

Memoirs. By Lord Simon.

Yours faithfully,

Messrs. Hugh Rees Ltd.,
47 Pall Mall,
London S.W.1.

SUBJECT: Agreement on Procedure for Sub-Contracting in
Iceland.

1. The Iceland Defense Committee, meeting jointly with representatives of the Office, Chief of Engineers, the East Ocean Division, and the North District in Washington, D.C. on 19 May 1952, have mutually agreed to the following procedures. Both parties present agreed that other questions which may arise in connection with military construction in Iceland shall be mutually settled along the general lines indicated and in accordance with the spirit of this statement.

a. The Corps of Engineers will utilize Icelandic sub-contractors to the maximum practical degree supplemented as necessary by the use of American supplies, equipment operators, equipment, instructor personnel, and supervisory personnel.

b. The Association of Icelandic Contractors is a free and open association of contractors in Iceland sponsored by the Icelandic Government, which is capable of doing certain types of construction and whose rules and regulations are open to inspection. The Icelandic Government desires that this Association be given every practical opportunity to participate in construction under the direction of the Corps of Engineers in Iceland. It is not practical nor desirable from the Iceland Government's point of view to utilize competitive bidding between the small contractor firms in Iceland, but prefers instead that the Association of Icelandic Contractors operate as a single unit with the work being awarded on a negotiated lump sum contract.

c. The Corps of Engineers agrees to utilize the

Associated Iceland Contractors to the maximum extent practicable in the construction program. It will award no subcontracts to Icelandic firms other than the Association of Icelandic Contractors without prior consultation with the Icelandic Government. In employing the Association of Iceland Contractors, the contracting method will be the negotiated lump sum method as employed by the U.S. Government.

(1) Negotiations will be preceded by the preparation of plans and specifications for the proposed item or items of work, and such plans and specifications will serve as the basis for such construction work. Such plans and specifications are subject to changes in construction directives by the East Ocean Division, Corps of Engineers. Changes, when required, will be the subject of a re-negotiation.

(2) The conduct of the construction work will be subject to inspection in accordance with Corps of Engineers procedures.

(3) Negotiations will be conducted by the prime contractor subject to final approval of the District Engineer.

d. The Contracting Officer (District Engineer) will retain the right to determine the method to be used in performing the work, based on the necessity for economy and the timely completion of construction items. Where deemed necessary by the Contracting Officer, the prime contractor may be required to construct specific items, using his own forces, non-Icelandic subcontractors, or Icelandic labor, and the Icelandic Government agrees that the decision of the Contracting Officer in such cases shall be final.

e. In all construction matters the Icelandic Defense Committee will be consulted prior to final decisions.

Agreement on Procedure for Sub-Contracting in
SIGNED AT RICHMOND, VIRGINIA, U.S.A., 21 MAY 1952.

1. The Iceland Defense Committee, meeting jointly
R.G. Lovett Representative H. G. Andersen Chief of Engineers, the
West Coast Division, and the North District in Washington,
O.B. Beasley

1952, have mutually agreed to the following
provisions. Both parties agreed that other questions
which may arise in connection with military operations in
Iceland shall be mutually settled along the general lines
outlined and in accordance with the spirit of this understand-

ing. The Army of Engineers will utilize Icelandic sub-
contractors to the maximum practical degree considered as
necessary by the use of American supplies, equipment, materi-
als, equipment, instructor personnel, and supervisory per-
sonnel.

2. The Association of Icelandic Contractors is a
and open association of contractors in Iceland sponsored by
the Icelandic Government, which is capable of doing various
types of construction and whose rules and regulations are
open to inspection. The Icelandic Government desires that
this Association be given every practical opportunity to
participate in construction under the direction of the Army
of Engineers in Iceland. It is the practical intention
from the Icelandic Government's point of view to utilize com-
petitive bidding wherever this shall be found to be
Iceland. The parties agreed that the Icelandic Government
shall be given every practical opportunity to participate in
construction under the direction of the Army of Engineers in
Iceland.

3. The Army of Engineers agreed to utilize the



ICELAND DEFENSE FORCE

20 June 1952

The Honorable Bjarni Benediktsson
Blonduhlid 35
Reykjavik, Iceland

Dear Mr. Benediktsson:

On the occasion of my departure from Iceland I would like to express again, and this time in writing, my deepest and sincere appreciation to you personally for your continuous understanding and unfailing support in all matters pertaining to the administration of the Iceland Defense Force. These factors, combined with your inspired statesmanship, have contributed immeasurably in our endeavor to establish a firm foundation on which to build the defense of Iceland and of this part of the North Atlantic Treaty Area. For this I am extremely grateful.

I would like you to know that in addition to your personal assistance, your Deputies and the Icelandic Members of the Defense Committee have without exception extended to me and to my staff officers courteous and sympathetic cooperation. This same cooperation we have found in all branches of the Icelandic Government with which we have had to do business. It is my firm conviction that the example set by you and your immediate associates has gone far toward making possible the successful accomplishment of my mission.

I am sure you are aware that I have enjoyed my service in Iceland. I regret that it had to be so short and that I am not permitted to stay to the finish and watch the many projects which we have initiated grow into fruition. You, your colleagues, and your people have made this point of view a reality. To you and to them I extend my eternal thanks.

With highest personal regards and esteem, I am

Sincerely yours,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'E. J. McGaw', written over a large, light-colored scribble or stamp.

E. J. McGAW
Brigadier General, U. S. Army
Commander



Télégrammes : UNATIONS, GENEVE
Téléphone : 3 10 00 3 20 00 3 40 00

Palais des Nations
GENÈVE

30. mars 1952.

REF. No:

(à rappeler dans la réponse)

Góði vinur, - eg vona að þú hafir fengið skýrslur mínar tvar, sem eg það sendiráðið í París að koma heim í stjórnarpósti, og enn fremur bréf frá mér til þín.

Eg var að fá bréf ráðuneytisins, þar sem mér er tilkynnt að þú hafir ákveðið að eg skuldi fá laun sem sendiráðunautur meðan eg starfaði í Þýskalandsnefndinni, og kann þér bestu þakkir fyrir.

Allt bendir til þess að nefndin muni ekki eiga sér langan starfsaldur, þó að svo muni ~~xxx~~ til atlast, samkvæmt venju um slíkar nefndir, að hún verði á lífi þangað til næsta allsherjarþing ákveður að leggja hana niður - ef það þá ekki ákveður að hún starfi áfram, sem eg tal engar líkur til. Í öllu falli sköðað eg ákvörðun þína um að greiða mér laun miðaða við að nefndin eigi sér ekki langan aldur.

Eg sé í Daily Telegraf frá í gær að Adenauer hefur lýst yfir því, að vesturveldin muni í maj semja frið við Sambandslýðveldið. Þótt undarlegt megi virðast um svo mikil tíðindi þá get eg ekki fundið eitt orð um þau í svissnesku blöðunum, hvorki í gær né í dag. En hið merka enska blað birtir langa frá sögn um þetta, og vitnar orðrétt í ummæli kanslarans, svo að maður hlýtur að trúa því að rétt sé með farið.

Þar með virðist mér sem vesturveldin og Adenauer hafi í bili gefið upp alla von um endursameiningu alls Þýskalands. Afleiðing slíkra friðarsamninga verður auðvitað sú að Rússar ~~gera~~ semja ~~xxx~~ við austur-leppríkið, og þá virðist mér sem báðir aðilar hafi staðfest, að hér sé um tvö óháð ríki að ræða. Maður semur ekki frið við landshluta, ef til stendur í alvöru að reyna að sameina landið allt á næstu misserum.

Ef þessi fregn reynist rétt tel eg að nefndin okkar sé raunverulega úr sögunni, þó að hún verði látin lifa að nafninu til til hausts, og skýrsla hennar síðan tekin á dagskrá á allsherjarþinginu.

Nú stendur til, ef ~~þú~~ engin svör, eða neikvætt svar, berst frá rússneska generalnum Tschuikow, að senda bráðabirgðaskýrslu til Tryggva Lie í apríl-lok, og biðja um fyrirmæli hans. Verði þau á þá leið að rétt þyki að nefndin fresti fundum til hausts, eða fram í ágúst, þá mun svo verða gert, og þá seint á sumri löggö síðasta hönd á þá skýrslu til allsherjarþingsins, sem afhenda á fyrir



Télégrammes : UNATIONS, GENEVE
Téléphone : 3 10 00 3 20 00 3 40 00

Palais des Nations
GENÈVE

REF. No:

(À rappeler dans la réponse)

1. september. Býst eg þá við að koma heim í sumar.

Í öllu falli tel eg rétt að vesturveldin fái afrit af 5. skýrslu minni, ef hún kynni að vera ekki alveg ónýtt heimild um pólitíska hugsun í Þýskalandi í dag.

Thor frændi sendi mér að vestan skrif Þjóðviljans í minn garð og hin drengilegu mótæli Dungals. Eg get auðvitað ekki á þessu stigi málsins farið í blaðadeilur við kommúnista, en hef þó sent Morgunblaðinu stutta leiðréttingu, sem eg vona að þú hafir ekkert við aðmæthuga. Hún er að orðalagi hógvar og áreitnislaus.

Þegar nefndin hélt ~~ekki~~ blaðamannastefnu sína í Berlín var eg viðbúinn að svara árásum á mig, ef komið hefðu, og hafði lagt áherslu á að fulltrúum austur-þýskra blaða væri boðið þangað, en enginn þeirra mælti orð frá munni.

Nú getur svo atvikast að íslenska stjórnin verði að gefa út mótæli, gegnum einhverja alþjóðlega fréttastofu, gegn þeim áburði að hún hafi skipað gamlan nazista-njósnara og Gestapo-agent í þessa nefnd. Segjum t.d. að general Tschuikow segist ekki geta tekið á móti nefnd sem slíkur maður eigi sæti í? Eg let því fylgja þessu bréfi uppkast að andmælum, sem kanske mætti styðjast við eða nota óbreytt.

Eg vona að þú og aðrir heima skilji, að eftir þessar árásir á mig, sem hafa vakið talsverða athygli, get eg ekki sett mig við annað en að verða aftur á næsta allsherjarþingi fulltrúi Íslands, sem líka er að því leyti eðlilegt, að þar á að ~~ekki~~ taka á dagskrá skýrslu frá nefnd, sem eg hef átt sæti í. Ef eg yrði ekki skipaður fulltrúi mundi það verða skilið svo af mörgum, að íslenska stjórnin hefði séð að hún gat ekki haldið áfram að brúka slíkan mann! Og þá myndi hlakka í kommúnistum.

Mér þætti vant um að fá einhverja viðurkenningu á að skýrslur mínar og tvö bréf til þín héðan hefðu komist til skila.

Með bestu kveðjum

þinn einlægur

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Thorgeir Thorgeirsson'.

Eg held, að athugaðu máli, að rétt væri að láta sendiherrum Bandaríkjana, Breta, Frakka, Dana, Norðmanna og Svía í té upplýsingar um mig samhljóða hjálögðu uppkasti, vegna áraða austureþýskra blaða, sem símaðar hafa ^{venis} út um heim, og ekki er gott að vita hvað víða kunna að hafa verið birtar.

Þessi stjórnarvöld kunna að halda að hugsast geti að íslenska stjórnin hafi hér framið einhverja skyssu, í ógáti - og minnst þess þá að t.d. Adenauer hefur orðið að láta suma af embættismönnum sínum fara frá vegna hluta sem fram hafa komið um þá frá tíð nazismans.

Þá hefur því og beinlínis verið haldið fram að eg hafi verið njósnari í Danmörku og Noregi - og hvað eiga þessar þjóðir að halda ef ~~si~~ enginn mótmælir? Að minnsta kosti tel eg rétt að sendiherrum þeirra sé tilkynnt að hér sé um hreinan tilhafulausan rógvað ræða. Kanske hefur það þegar verið gert.

Uppkast að andmælum

Vegna ... (vissra skrifa í austur-pýskum blöðum) ... þar sem sagt er (gefið í skyn) að Kristján Albertson hafi verið nazisti og unnið í þjónustu nazismans fyrir stríð og ~~ástríðisárunum~~ á stríðsárunum, mótmælir íslenska stjórnin þessum sakargiftum sem algerlega tilhafulausum rógburði. Engar slíkar sakargiftir hafa nokkru sinni verið bornar á Kristján Albertson, hvorki á Íslandi né erlendis, fyrr en hann tók sæti í nefnd Sameinuðu þjóðanna til þess að rannsaka möguleika á frjálsum kosningum í Þýskalandi, og kommúnistískt blöð í Austur-Þýskalandi þóttust þurfa að svara þessari nefndarskipun með ~~við~~ hvern einstakan af meðlimum nefndarinnar.

Kristján Albertson var skipaður sendiráðsritari í íslenska sendiráðinu í París 1. janúar 1946, rúmu hálfu ári eftir stríðslok, af stjórn sem í áttu sæti tveir kommúnistískir ráðherrar, án þess að þeir, eða yfirleitt nokkur maður, hefði neitt við þá skipun að athuga, og nægir það eitt til að sýna hversu fjarri fer því, að hann hafi nokkru sinni verið grunaður um skoðanafylgi ~~hann~~ við nazismann eða starf í þjónustu hans.

Ef dregið skyldi vera fram, eins og sést hefur, að K.A. hafi verið sæmdur orðu af Mussólíni fyrir áróður sinn fyrir fascíamanum, veri ~~þetta~~ rétt að bætast við:

Kristján Albertson hefur sem blaðamaður aldrei skrifað eitt orð til framdráttar nazisma eða fascisma. Orðu þá sem ítalska stjórnin sæmdi hann 1934 fékk hann vegna þess, að hann hafði árið áður sem starfsmaður íslenskra stjórnarvalda verið handgenginn ~~þá~~ Balbo ráðherra, sem þá kom til Íslands á flugferð sinni til Norður-Ameríku, og síðan lét sama orðu ~~alla þá~~ sem annast höfðu móttökur hans.

x) á endan: attached to

xx) af beiðni: Ass. Ass. Journalist. of
for's politikuma borgarstjórn.

(9) (10) (11) (12) (13) (14) (15) (16) (17) (18) (19) (20) (21) (22) (23) (24) (25) (26) (27) (28) (29) (30) (31) (32) (33) (34) (35) (36) (37) (38) (39) (40) (41) (42) (43) (44) (45) (46) (47) (48) (49) (50) (51) (52) (53) (54) (55) (56) (57) (58) (59) (60) (61) (62) (63) (64) (65) (66) (67) (68) (69) (70) (71) (72) (73) (74) (75) (76) (77) (78) (79) (80) (81) (82) (83) (84) (85) (86) (87) (88) (89) (90) (91) (92) (93) (94) (95) (96) (97) (98) (99) (100)

БЕЛ' №:

Телефон : 2 10 00 2 20 00 2 30 00

Телеграммы : ДИВУЗИОНЪ СЕИЕЛЕ

OF THE UNITED NATIONS
ЕВРОПЕЙН OFFICE



СЕИЕЛЕ
Бална дса Иаиона
DES NATIONS UNIES
OFFICE EUROPEEN



Télégrammes : UNATIONS, GENEVE
Téléphone : 3 10 00 3 20 00 3 40 00

Palais des Nations
GENÈVE

REF. No :
(à rappeler dans la réponse)

Eg hef tekið neyðarkaup í
fjóra mánaði, frá 7. feb. til 6. júní,
og mun ekki taka laun lengur
nema að viði frá þér að
ekki sé þér esa stjórnmá-
liðunum. Enda er mér full-
göldið þú að eg taki ekki
laun lengur — ef ekkert
ventur af því að nefndin
þúfti að fara til þingsdags
og þúla þar við vandræðis-
sina.



Télégrammes : UNATIONS, GENEVE
Téléphone : 3 10 00 3 20 00 3 40 00

Palais des Nations
GENÈVE

REF. No :
(à rappeler dans la réponse)

Staður í París, 18. júní 1952

Góði vinur,

Eg er hér í París í bili, meðan nefnd okkar í Genf bíður eftir næstu svarnótu vesturveldanna til Rússa, ^{en} eftir það munu nefndarmenn spyrja stjórnir sí nar hvað gera skuli, eins og sagt er í síðustu skýrslu minni.

Eg hef fengið afrit af viðtölum þínum við sendiherra vesturveldanna um mitt „pólítíska mannorð“ og þakka þér ummæli þín.

Nákvæmur sannleikur um dvöl mína í Þýskalandi eftir að ~~stríð~~ stríð hófst er í sem fæstum orðum þessi: Eg er í Höfn þegar stríðið hefst, fer um miðjan september 1939 til Berlínar til þess að sækja föggur mínar og halda heim, en stríðið við Pólland er þá að enda, stóð aðeins tapar þrjár vikur minnir mig. Og svo er ekki barist allan veturinn, eg bíð átekta, margir halda að ekkert verði af almennu stríði, að verið sé að vinna að sáttum bak við tjöldin. Svo kemur 9. apríl, stríðið við Danmörku og Noreg, og eftir það eru engar skipaferðir lengur frá meginlandinu til Íslands. Svo kemur 10. maj, Ísland tekið - verð eg ekki interneraður og fluttur til Bretlands ef mér nú skyldi skjóta upp heima, nýkomnum frá Berlín? Svo leggja Þjóðverjar undir sig Belgíu, Holland, Frakkland, auk Danmerkur og Noregs - og þá hélt eg frómt frá að segja í einfelfni minni að stríðið væri búð. Hver átti að taka alla álfuna aftur af Þjóðverjum, hugsaði eg? Englendingar einir? Rússar voru hálfgerðir bandamenn Hitlers, og Roosevelt lofaði í hverri ræðu að Bandaríkin skyldu ekki fara í stríðið. O. S. fr. Þegar svo Esjan tók Íslendinga í Danmerku heim frá Petsamo í sept. 1940 vorum við landar í Þýskalandi ekki látnir / um þá ferð - hina síðustu til Íslands á stríðsárunum.

Lvita

Eg hafði vonast til að geta komið heim í sumar, en nú er það óvíst. Eftir blaðafregnum munu Bandaríkin halda áfram að leggja áherslu á, að ekki komi til mála að setjast að samningaborði með Rússum um framtíð Þýskalands, nema að þeir áður hafi fallist á frjálsar kosningar í landinu öllu, að undangenginni rannsókn á pólitísku ástandi. Þó að ekki sé líklegt í bili að Rússar fallist á þetta, er hins vegar við búið að Bandaríkjastjórn óski þess að nefndin sitji kyrr í Genf reiðubúin að taka til starfa.

Eg gríp því þennann til að ræða við þig efni, sem eg annars hafði hugsað að tala um við þegar við saumst.

en vil leyfa
mér að segja
þér mína
skoðun,

Eg veit ekki hvað þú kannt að hafa hugsað um það mál, hvernig heppilegast sé að Ísland hagi fulltrúavali á þing Sameinuðu þjóðanna í framtíðinni, sem eg held að sé að öllu leyti líka skoðun Thors Thors, því að við töluðum oft um þetta efni.

Það er algerlega nauðsynlegt að Ísland sendi tvo fulltrúa til þings, sem sitji allt þingið - og ónauðsynlegt að þeir séu fleiri. Við þurfum að fylgjast með málum í tveim höfuðnefndum þingsins, pólitísku nefndinni og hinni pólitísku ad hoc nefnd, og vera hvenær sem er til taks að greiða atkvæði í þessum nefndum. Það munar oft mjög litlu hvort þar þjóðir, sem við erum í varnarsambandi og pólitískri samvinnu við, hafa sitt fram gegn ýmiskonar samtökum Asíu-þjóða, Araba eða Suðurameríkana, og ekki nema sjálfsagt, úr því að Ísland hefur viljað gerast meðlimur, að það geri skyldu sínu hvenær sem eitthvað liggur við. Þar með meina eg auðvitað ekki að við séum skuldbundnir til að veita neinum þjóðum blint fylgi (enda höfum við ekki gert það), heldur hitt, að okkur má ekki vanta þegar sjálfsagt er að við styðjum sameiginleg sjónarmið þeirra þjóðasamtaka sem við höfum aðhyllst, og eigum allt undir.

Eg álit í öðru lagi mjög óheppilegt að skift sé að hverju á hverju ári um þann fulltrúa sem þingiðsitur ásamt Thor Thors, því að þarna þarf margt og mikið að læra um málavöxtu og málameðferð, sem að minnsta kosti lærist því betur því lengri tíma sem viðkomandi á kost á að fylgjast með störfum Sameinuðu þjóðanna og taka þátt í þeim. Enda held eg að allar þjóðir sendi að mestu leyti sömu menn á þingið ár eftir ár. Heimspólitíkin er ekki minna nám en margt annað, og úr því að Ísland á nú að eiga atkvæði um þau mál veitir því ekki af, fremur en öðrum þjóðum, að eignast einhverskonar

sérfræðinga í þeim efnum, eða að minnsta kosti UNO-sérfræðinga.

Í öllu falli virðist nauðsynlegt að við eigum fleiri en einn mann, sem er vanur störfum á þingi Sameinuðu þjóðanna, því að Thor Thors getur forfallast eða t.d. verið kosinn forseti eftir fjögur ár, eða síðar.

Nú hafa, auk mín, Hans Andersen og Jónatan Hallvarðsson gengt þessum þingstörfum. Eg veit ekki hvort þeir eiga heimangengt til þeirra aftur, né hvort þú ef tilvill hefur hugsað þér að gefa fleiri mönnum kost á þessari þingsetu í bili. En hins vegar fanst mér eg mega láta þig vita, án þess það þyrfti að misskiljast á nokkurn hátt, að eg væri reiðubúinn að sitja á fleiri þingum, ef svo mætti teljast, að á þann hátt gæti utanríkisþjónustunni best orðið gagn að mér eins og nú standa sakir.

Eg tel rétt að Thor Thors viti um þetta bréf mitt, og mun senda honum afrit af því.

Ef til mála geti komið að eg yrði sendur á þingið í haust, sem byrja mun um miðjan október, þátti mér vænt um að vita það sem fyrst svo að eg geti gert ýmsar ráðstafanir því samkvæmt, enda eðlilegt að fulltrúar séu skipaðir með nokkrum fyrirvara. ✕

Með bestu kveðjum,

Þinn einlægur

Þurgrímur Þorvaldsson

London 14. marz 1952.

Algjört trúnaðar- og einkamál

Góði vinur,

Þegar við skildum í London talaðist svo til, að ég skyldi senda þér hugleiðingar um hvernig heppilegast væri að haga fyrirsvári okkar í Natómálum í París. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvort nokkuð væri unnið við það að senda þér línu um þetta, því að þú og þið heima eruð vitanlega dómberastir um hvernig þessu ber að haga, en fyrst ég er byrjaður að skrifa þér þá langar mig líka til þess að senda þér hugleiðingar um annað mál, nefnilega landhelgismálið, af því að ég af tilviljun lenti í því að taka á móti nótu frá Mr. Selwyn Lloyd um daginn. Er best að víkja að því fyrst og koma að hinu síðar.

Ég sendi ykkur bréf um daginn um viðtal mitt við Mr. Selwyn Lloyd og var ekkert í því merkilegt enda taldi ég ekki rétt að fara út í umræður við hann um annað en ég hefi fráskýrt í því bréfi. Ég gleymdi þó að geta þess þar, að Mr. Selwyn Lloyd lét í það skína, að Bretar gætu verið án okkar fiska, ef þeim svo sýndist. Hann sagði efnislega eitthvað á þessa leið: "Þið kerið ykkur kannské ekkert um merkaðinn hjé okkur og þurfið ekki á honum að halda og það getur líka verið, að við getum komið af án þess að fá fisk frá ykkur". Þegar Davíð Ólafsson var hér í London á dögunum töluðum við einmitt um þetta atriði og hélt ég því þá fram, að Bretar gætu auðveldlega komið af

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k.

án fisks frá okkur a.m.k. í bili. Hann var á annarri skoðun um betta.

Enda bótt ég hafi ekki komið mikið nálægt landhelgismálinu, aðeins fylgzt með því í stórum dráttum upp á síðkastið, hefur mér dottið í hug, hvort ekki væri rétt, áður en Íslendingar stíga lokaskrefið, að útbúa heildargreinargerð um málið á ensku, þar sem auðvitað væri stuttlega staðhæfður okkar lagalegi réttur til útfærslu landhelginnar og einnig borin fram öll pólitísk rök úr hinni ágætu skýrslu Ólafs Thors og einnig hin almennu rök úr skjalinu, sem þú afhentir Mr. Bevin 1950. Sem sagt að hafa betta nokkuð viðamikið plagg, sem aðallega yrði pólitísku eðlis og sannaði mönnum, að við gætum ekki lifað mannsæmandi lífi á Íslandi, nema að þessi réttur okkar væri viðurkenndur. Þetta væri eini möguleikinn til þess að við þyrftum ekki stöðugt að vera upp á aðra komin o.s.frv.

Skjali þessu ætti að reyna að koma til hæstu staða, þ.e. annað hvort að láta sendiherrana í London og Washington afhenda það utanríkisráðherrum Bretlands og Bandaríkjana eða bá ef það er heppilegra vegna þess að stuttur tími er til stefnu, að afhenda það sendiherra Breta og um leið sendiherra Bandaríkjana á Íslandi. Bretar verða að fá að vita um það, að Bandaríkjamönnum hefði verið afhent samskonar greinargerð. Láta síðan líða hæfilega stuttan tíma til þess að Bretar og Bandaríkjamenn gætu talast við um málið. Fara svo sínu fram, hvernig sem undirtektir yrðu.

Það hefur einhvern veginn slegið mig, þegar ég hafi hugsað um þetta mál síðustu dagana, að það væri óheppilegt að hafa ekki gert rækilega grein fyrir pólitísku hliðinni, áður en við hefjumst handa í málinu. Mér finnst, að það býði ekki annað en að ganga hreint

til verks í þessu efni. Málflutningur, sem byggist meira og minna á munnlegum viðtölum, hó við háttsetta menn sé, getur misskilizt og kemur ekki að fullum notum fylgi því ekki skrifleg og ítarleg greinargerð fyrir málstaðnum.

Nú eru margir kunnugir menn hræddir um, að í aðsigi í heiminum kunní að vera ný kreppa, sbr. það, sem hefur skeð í Ástralíu, Frakklandi, Bretlandi, Suður-Afríku núna allra síðustu dagana.

Mér finnst það óhugnanlegt, ef við ættum í baráttu við Breta á krepputímum og værum um leið búnir að leyfa Bandaríkjamönnum að hefja byggingu stórfelldra nýrra mannvirkja á Íslandi í hernaðarbágu. Landhelgis-málið barf að mínum dómi að vera komið heilu húfi í höfn, áður en við leyfum Bandaríkjamönnum að byggja viðbótarflugvelli á Íslandi, sem alls ekki er gert ráð fyrir í varnarsamningnum. Það gæti skapað hættulegt pólitískt ástand á Íslandi, ef afleiðingar þessarar tveggja miklu mála dyndu yfir menn svo til samtímis. Það er auðvitað ekki hægt að hnýta þessum málum beinlínis saman. Sumir munu kannské telja, að þetta séu óheilbrigðar hugleiðingar og getur það vel verið rétt, en mig langar nú samt til þess að koma þessum þönkum til bín.

Svo er það Nato-embættið í París. Eins og ég sagði við ykkur Pétur í Lissabon, held ég, að það geti ekki farið vel úr hendi, jafnvel bótt við Pétur ættumst við, að hann yrði fastur fulltrúi Íslands og jafnframt sendiherra í öllum sínum löndum, en ég hefði raunverulega Nato-málin sem aðstoðarmaður hans. Þetta yrði óheilbriggt fyrirkomulag á vinnubrögðum, hver sem í hlut ætti.

Ég hefi velt því fyrir mér, eins og þú sjálfur bryddaðir upp á að fyrra bragði, að það væri kannské rétt, að Pétur eða Thor tækju þessa stöðu og Pétur yrði bá leystur undan öðrum löndum en Frakklandi. Ég held nú, að sú hugmynd um að leggja þessi lönd undir London sé ekki heppileg. Í sumum tilfellum er það ekki hægt eins og t.d. Írland. Í öðru lagi liggur Bretland einhvern veginn svo afsíðis frá Suðurlöndum. Ég finn nú engin betri rök fyrir þessu, en hef þetta einhvern veginn á tilfinningunni.

Í briðja lagi eins og málunum verður skipað, sbr. síðustu embættisbréf mín um aðalritarann, verður ekki nein veruleg breyting á fulltrúum ríkjanna frá því, sem var í Deputies. Af því leiðir, að ekki virðist í fljótu bragði ástæða til að Thor færi í þetta starf, auk þess, sem gera má ráð fyrir, að býðingarmiklar ákvarðanir verði framvegis að síðustu teknar í Washington og Thor bá allra manna færastur til að vinna málstað okkar gagn bar.

Þá vil ég og geta þess, að ég taldi rétt að skýra sendiherranum hér frá því, að ég hefði látið það álit uppi við þig, að þegar Nato flyttist héðan, væri ekki ástæða til að halda hér þremur mönnum við störf. Var hann mér algjörlega sammála í því efni og þakkaði mér fyrir, að ég skyldi hafa sagt sér frá þessu. Hygg ég, að ef þið leitið eftir skoðunum Agnars bá muni hann staðfesta þetta.


Vitanlega geta aðstæður breyttzt hér og vinna og vandamál aukizt, sbr. t.d. afleiðingar af útfærslu landhelginnar, en bá getur e.t.v. orðið nauðsynlegt að gera róttækari breytingar um fyrirsvar hér.

Ég bið þig forláts á þessum hugleiðingum, sem þú ert sjálfsagt meira og minna ósambykkur. Ég vil þó biðja þig að sýna Ólafi Thors þessar línur, ef þú telur

bær þess virði. Brenndu svo bréfið. Samrit af því hefi
ég eyðilagt svo ekkert er til í mínum fórum né annarra
hér.

Með bestu kveðjum,

þinn,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Ólafur Þorvaldsson". The signature is written in a cursive style with a large, sweeping initial "Ó".

1952

Icelandic Legation
11, Buckingham Gate
London, S.W.1.
TELEPHONE VICTORIA 5337-8

Hiun 18. mars 1952

Kæri ráðgjafi,

Má þú með línum
þessum fara þjer mínar
bestu þekkir fyrir launa-
hakkunina, sem tilkynnt
var um í bréfi frá ráð-
gjafinum í síðasta páli.

Þetta er mjög mikilvænt
hakkun fyrir mig, og þat
ekki sért vegna þess at

einu dýrara verður mi að
lífi hjér í Þrjúlaubi vegna
hiuna nýju sparnabur-
adgerða ríkisgjórnarinnar.

Með bestu kveðji til
ykkar hjánauna frá
okkur ölöfu

þinn eiml.

Agnar M. Jónsson



Sendiráð Islands
London, S.W.1.

29. febrúar 1952.

Góði vinur,

Hér með sendi ég þér kvittun
fyrir £10:0:0 innborgun á reikning binn
hjá Hugh Rees, Limited, eins og þú baðst
um.

Með bestu kveðju,

þinn enl.

Gintur Benediktz.

Herra utannríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k.

TELEPHONES: WHITEHALL { 3564
6900



BY APPOINTMENT BOOKSELLERS

TELEGRAMS: HURHYS, PICCY, LONDON.

Mr. Bjarni Benediktsson.

No. _____

29-2-1952.



BOOKSELLERS, STATIONERS
AND PUBLISHERS.

47, PALL MALL, LONDON, S.W.1

Late of 5 & 7, Regent Street, S.W.1



CHEQUES AND POST OFFICE ORDERS CROSSED "MESSRS. DRUMMOND"

Paid into Account.

10 - -

£10 - -



Reykjavík, 25. ágúst 1952.

Kæri bróðir,

Ég þakka fyrir bréf þitt á dögunum. Mér þykir leitt að hafa heyrt, að dætur þínar, einkanlega Olóf, hafi verið alvarlega veik, en skilst að bati sé orðinn þar á, og vona ég að hann endist til frambúðar.

Varðandi launakjörin treysti ég mér ekki til að gera tillögur um, að sendiherrann í París fari herra en sendiherrann í Washington. Ef það þykir ekki nægja verður að taka það mál upp á þingi og hafði ég fyrirvara um það í tillögu minni til fjármálaráðuneytisins.

Aðalástæðan til þess að ég skrifa nú er sú, að forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, hefir mjög eindregið farið þess á leit, að Henrik Björnsson yrði gerður að forsetaritari. Áður hafði stjórnin lagt til, að Stefán Hilmarsson yrði forsetaritari, en forsetinn benti á það með töluverðu réttu, að óviðunandi væri fyrir sig að hafa í þessu starfi mann, sem væri gersamlega óvanur öllum slíkum störfum og kynni ekki þar siðareglur, sem forsetaembættið snýst í kringum, eins og vitað er. Ímsir ráðherranna hafa hinsvegar mikinn áhuga fyrir því að Stefán Hilmarsson fái starf og forsetinn er því einnig meðmaltur, og lagði hann því þessvegna til að málið yrði leyst á þann hátt, að Stefán yrði tekinn í utanríkisþjónustuna en Henrik færi til sín, og þó ekki nema að nokkru, því að ráðgert er að Henrik verði eftir sem áður viðloðandi í utanríkisþjónustunni, þ.e.a.s. tapaði þar ekki aldursróðinni og geti sennilega að hálfu leyti unnið í stjórnarráðinu hér.

Henrik sjálfur er þessa fýsandi en þó að því áskildu, að utanríkisráðherra sé því samþykktur. Að öllu athuguðu tel ég ekki rétt að þessi ráðstöfun stöðvist á andúð minni og hefi ég því sagt, að ég skyldi verða henni samþykktur ef ekkert sérstakt atvik kæmi þar til hindrunar. M.a. hefi ég tekið fram, að auðvitað yrði Henrik að hverfa frá París með skaplegum fyrirvara og þannig, að tími gæti gefist til að annar maður gæti tekið við starfi hans.

Kem ég þá að því er þig varðar. Út af fyrir sig hefir þú að sjálfsögðu ekki búist við að halda Hinrik um alla framtíð og má því í einn stað niður koma þótt hann fari nú, þaræð hann hefir hvort eð er verið í París um tveggja ára bil. En þá er að útvega mann í hans stað og mundi ég mjög vilja fylgja ráðum þínum um það, eftir

Herra sendiherra
Pétur Benediktsson,
Sendiráð Íslands,
P a r í s.

Því sem við verður komið svo og það, hvenær Henrik gæti horfið heim. Í sjálfu sér gæti verið eðlilegt að fara Harald Kröyer frá Oslo til Parísar og senda einhvern annan til Oslo, en auðvitað geri ég það ekki nema að fengnu þínu samþykki.

Ennþá hefi ég ekki sagt annað við forsetann um málið en að ég skyldi athuga það með vinsemd og reyna að koma þessu í kring eins og áður segir, ef sérstök atvik séu því ekki til fyrirstöðu.

Vonast ég til þess að heyra frá þér í heild um þetta við fyrsta tækifæri, því vitanlega rekur ásgæir allfast á eftir.

Að öðru leyti er lítið að fréttu. Koma McBride hingað tókst vel og vonast ég til að hann hafi haft ánægju af ferðinni.

Öllu fólki okkar líður vel og vona ég hið sama sé um ykkur.

Með beztu kveðjum,

Reykjavík, 12. maí 1952.

Kæri bróðir:

Eg þakka þér tvö bréf og afmaliskveðjur.

Varðandi bréfið um fulltrúa NATO í París virtist mér það vera nokkuð á aðra leið heldur en fram hafði komið í samtali þínu við mig áður, og hafði ég ráðstafað málinu í samræmi við samtalið þegar áður en ég fékk bréfið. Vonast eg til að þú hafir ekki verið óánægður með þá lausn, heldur hafi hún einmitt verið sú, sem þú stefndir að.

Ástæðan til þess að ég skrifa þetta bréf er sú, að Steingrímur forsætisráðherra vék að því við mig í viðtali á dögunum, hvort mögulegt mundi vera að útvega syni sínum, sem nú dvelur í París, eitthvert starf við sendiráðið yfir sumartímann. Ég tók þessu líklega og sagði, að eitthvað mundi vera hægt í þessu að gera, annaðhvort við sendiráðið sjálft eða NATO-skrifstofuna. Ég geti samt ekki um þetta fullyrt fyrr en ég hefði haft samband við þig. Ég vonast til þess að þú getir eitthvað í þessu gert og látið mig vita hið fyrsta, svo ég geti sagt forsætisráðherranum frá niðurstöðunni.

Hér hafa staðið yfir langvinnir samningar um forsetakjörið undanfarið og eru nú á ferðinni þrjú frambod, eins og þú hefir heyrt, séra Bjarni, Ásgeir Ásgeirsson og Gísli Sveinsson. Ég var löngu því fylgjandi að reynt yrði að semja um Ásgeir Ásgeirsson, en þegar það reyndist ókleift á nógu viðtakum grundvelli, var ég mjög sammála því að styðja frambod séra Bjarna, sem ég og fleiri raunar stíð höfðum í huga og óbeinlínis stungið upp á á fyrsta stigi málsins. Eins og sakir standa er þó nú búið að vinna mikið meira fyrir Ásgeir og er hans nafn því mjög í munni manna og verður þó vitanlega ekki sagt með vissu hvernig öllu þessu lýkur, þó að ég raunar efist ekki um, að séra Bjarni verður kosinn þegar þar að kemur.

Herra sendiherra
Pétur Benediktsson,
Sendiráð Íslands,
P a r í s.

Mér og öðrum þykir illt að þetta virðist atla að fara í blossa, en við því er ekkert að gera og það versta er að allóheilt sýnist hafa verið að máluunum unnið af hálfu Ásgeirs og tengdamanna hans og málið því mun erfiðara en ég hafði atlað.

Okkar fólki líður öllu vel og vonast ég til að svo sé einnig hjá ykkur.

Með bestu kveðjum,

ADALRÆÐISMAÐUR ÍSLANDS
Í ÞÝZKALANDI

Hamborg, 14. september 1952

Kæri herra utanríkisráðherra !

Ég fékk símskeyti yðar seint í gær svohljóðandi:

"Tilvísun samtals ígær sendiherraskipun áðuren formlega frágengið óska staðfestingar einkabréfi efni samtals okkar um málið"

Hinn 6 þ.m. kom símskeyti frá External svohljóðandi:

"28 Tilvísun samtals ráðherra sumar íráði skipa Finsen sendiherra Íslands Vesturthýzkalandi Thóað áskildu hann áframverði generalkonsúll Hamborg og því engin hækkun embættiskostnaði stop símið greinargerð hérum thá tekin endanleg afstaða skipun Finsens"

Því svaraði ég samdægurs á þenna hátt:

"20/28 Fús taka að mér verða sendiherra Bonn og áframhalda sem generalkonsúll Hamborg án annarar hækkunar embættiskostnaði en nauðsynlegan ferðakostnað sem aldrei getur orðið tilfinn-
legur stop álit vel hægt og sjálfsagt sameina bæði embættin þenna hátt svosem fráskýrt herra ráðherranum samtölum sumar stop vegna ýmislegs sem hefi hlarað frá Bonn embættinu við-
víkjandi sem nauðsynlegt herra ráðherrann taki afstöðu til þegar í byrjun álit heppilegt ef til kemur jeg heimkomi áður skrafs ráðagerða með sem stystri dvöl heima á meðan mætti umbiðja agreement"

og fékk loks enn eitt skeyti, sém hljóðaði þannig:

"29/20 Symthykkjum Finsen heimkomi munum umbiðja agreement að tillögum hans samthyktum".

Svo sem séð verður, var það áform mitt, að koma heim snöggva ferð til skrafs og ráðagerða við herra utanríkisráðherrann um ýmislegt, embættinu í Bonn viðvíkjandi. Við nánari athugun kom í ljós, að ekki væri rétt af mér að fara héðan vegna ýmsra ráðstafana í sambandi við fisklandanir íslenzku togaranna einmitt nú, þar sem ýms vandamál höfðu risið upp, sem Aussenhandelsstelle hér hafði verið í sambandi við mig um. Ég fann því ástæðu til að hringja heim í ráðuneytið og átti ég tal við Pjetur Thorsteinsson í fjarveru skrifstofustjórans. Ég tjáði honum ástæðuna fyrir frestun heimfer-
arinnar og gat þess, að ég við nánari athugun álitum byggilegra, að koma heim eftir að ég hefi verið í Bonn og átt viðtal við rétta hlutaðeigendur þar. Það gæti þá komið fram ýms atriði, sem herra utanríkisráðherrann yrði at taka afstöðu til, svo sem tilmæli þýzka utanríkisráðuneytisins um, að Ísland hefði einhverja skri-

AÐALRÆÐISMAÐUR ÍSLANDS
Í ÞÝZKALANDI

Hamborg.....14. september 19 52.

II

í Bonn, þó sendiherrann byggi þar ekki ofl.ofl..-

Ég skil skeyti herra utanríkisráðherrans þannig, að hann óski staðfestingar minnar um að ég, í samtalinu í Reykjavík í sumar, hafi boðist til að láta af embætti, áður en lög mæla fyrir, ef ég yrði skipaður sendiherra í Bonn.-

Ég staðfesti því hér við yður, herra utanríkisráðherra, að ég bauðst til að fara frá á miðju næsta ári (1953), 1. júlí eða jafnvel dálítið fyr, eftir nánara samkomulagi við herra ráðherrann.-

Þar sem togaralandanirnar nú þessa daganna eru að komast í fast form, eins og áður, get ég vel komið heim til samtals núna, ef herra ráðherrann óskar þess, og ég tel það að ýmsu leyti æskilegt. Mundi ég þá annaðhvort koma með togara eða með "Gullfossi" sem fer frá Kaupmannahöfn laugardaginn 20. p.m.- Mætti ég biðja herra utanríkisráðherrann um að láta síma mér sem fyrst eftir móttöku þessa bréfs, hvort hann sé því samþykkur.-

Ég vona að yður líði vel og sendi yður mínar bestu kveðjur.

Yðar með virðingu

Öilbj. Finson

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k .

Hamburg 14/1-1952

Kari herra útlaukiskisráðherra!

Með lissum þessum vildi ég mega
þakka yður og þú Benediktsson
karlega fyrir hina hlýju jóla
og nýjars kvæðju, sem mér þótti
mjög deult um að fá. Einnig
þakka ég ykkur fyrir hinar
ánoyjulegu stundir á heimili
ykkar í Reykjavík undan dagum.

Jeg óska ykkur alls hins
besta á hinu nýbyrjanda ári og
sendi ykkur hjartallegar
kvæðju.

Yðar líndagur Vilhj. Finson

LÉGATION D'ISLANDE

Paris 4. ágúst 1952

Kæri bróðir,

Það var lítt að sjá
ykkur ekki aftur, aður en ég
þú, en tímum reyndist stuttur
og í mörg horn að líta.

Ég setti þreinu Sleis-
grinssu í að skulfa upp
vöfu á íslensku bókunum
á norræna safnum, en
þú myndur var ekki hegt
að treina það mjög lengi.
Safnum var refsilega
lokad vegna sum ofríá
1. ágúst. Nú hefi ég þann

3/ Þekktum, eða telur sé ekkert þert
að fara fram á hana, þá á
ég ekki að geta brotur minn.
Samantvæði út Thór og Pétur
Eggers er og villandi að þú
leyti, að Thór er mánuður samant
í New York á dagrenningum (eða
í París) og þótt hann leggi ekki
upp af þeim, spavar þat þó
áreiðanlega meira en hans
eigin mat heima - og P. E.
þú vantarlega sendifulltrúa-
upplót þann tíma, svo að
þú hans, eru ekki eins slæm
og lítur út fyrir á pappírnum.
Hér hefa aðrir hinsvegar
hagad þú svo í seinni tíð, að
ég er í eilífum skyndi þertu-
lögum, sem eru blutfallslega
kostnaðarsamir, spara ekkert heima

2.
í annari Kleppseimum hér, - sem
þó er betra að fí framkvæmda en
ekki. En það er heldur takmarkað
notað sít mamma, sem ekki hefa
lest á ritvef.

Eg sendi Magnúsi í dag
nokkrar vititölu-upplýsingar,
- samantvöðvit London og
Washington skv. Herald Tribune.
Frá þri í fyrra hefir sama sem
eugin verðhakkum orðit í Bandar-
ríkjunum, en ca 100% í London.
Það er fullt, að Agnór verði
að nota alla húfalleiguna að
heiman til vitbotat launum
sínum og að hann, hafi þurft
að taka lán hjá möðum sínum
til þess að geta komit sér fyrir.
En ef hann kórit sig ekki um

4/ og koma Idurik sjaldvást að
haldi. Þá 7 mánuð, sem af eru
þessu ári, hefir hann aldrei
flúgizt sendifullbríðauppbot, og
hefi eg þó margra ferðna ferit.
- Eg veit, að eg þarf ekki að
samfara þú um þetta og
skil allveg pólitísku erfitt lík.
ana, einkum af þú að eg
á í hlut. En eg man elti,
hvort eg hefi sagt þú frá
samtar, sem Marta átti við
Gísla Jónsson í fyrra haust.
Þá hafst eg selt mig, við
að fá enga hekkum í bíli,
til þess að koma einhverri
fram fyrir hina. Sjónarmið
Gísla var: Sendihverum eiga
að fá það sem þeir þurfa og í
það þú þir ekkert að borða.

2/

LÉGATION D'ISLANDE

Á hinn böginum er ástæðulaust,
 að þessir myndu menn, sem þar
 vinna, haldi sig eins og einhverri
 greifar. Þegar Marta ló'k óstímt
 í þetta, svaraði Gísli, að lík-
 lega heft kostnaðurinn vit
 að vera í París hekkat fyrir
 okkur, ef hann heft hekkat
 fyrir þá. Sem sagt, undan-
 látssemi minn spillti alveg
 málstáttum í hans augum.
 Á. Þú sagdir Magnúsi að hafa
 húsaleiguna sem sístakam
 líð lífa Gunnl. og Henrik. Eg
 minnist þess að þetta var gert
 um Henrik fyrst, og þá þóttist
 Hannibal og einhverjir Alþbl.-
 apar hafa fengið luvabreka

7/verðhækkun getur matar borist um tíma, ef liðrætting fæst á eftir. En sé það rétt hafa mér, að launakjörin 1949 hafi verið samgjörn, þá lagðist (skv. yfirlitinu, sem ég sendi Magnús) 11.2% verðhækkun á okkur 1950, 30% 1951, og ca 45%

Það sem af er þessu ári, þó þannig að Henrik og Hörður fái 15% upp í seinustu hækkunina. Mér finnst ómögulegt að ekkert til þess, að þeir taki á sig 30% hækkun á búsetu-kostnaði í tvö ár, og að ég taki á mig 30% fyrra árið en 45% hið síðasta (og getur náttúrulega orðið meira, ef verðhækkunir hefjast aftur í október,

6/ Þy föngluðust á þessu meira
en nokkru öðru í sambandi
vit kostnaðinum af utaukiss-
þjónustunni. Ég hélt, að það
vori af þeirri ástæðu, sem þið
slegduð allri upphæðinni
saman í seinustu frarlögum.
Þú athugas, hvað praktísk-
ast er að gera í þessu.

Lat þetta vegja að
sinni. Jái eit atriði eru þegar
vit Magnús tölum vit þy,
var ekkert minnst á tillögu
mína um að lata launa-
hækkunir verkas aftur í tímann,
og í sambandi sitar taldi M. von-
litit að nokkur leitrelting þy-
ist ~~frá~~ fyrir en frá áramótum.
Þú er þat náttúrulega svo; að nokkra

8/ eins og margir briast vit.
Að þú adhegudu, að vit latum
1951 kynnt liggja, vortist mér
þú öll samgírni meðla með
fullri uppbot til okkar frá
áramótum.

Ítt af húsinu, sem vit
minnumst litist eitt á heima, þá
byggja eg, að þrátt fyrir þetta rosa-
verð, hafi þarna verið um gott
kaup að reða, en lítt skil eg
mesta vel, að Eyjellium þá er
ekki fast að leggja í þetta.
Samast sagt var eg stórníssa,
hve vel þú tókst þú máli.

Þetta, mi hetti eg. Bestu
kveðjur til þúrnidar og barnanna
þínu bróðir
Pétur

29. september 1952.

Kæri bróðir,

Eg þakka bréf þitt
út af manaskiptunum þés.
Bróttför Henriks heitan er náttúru-
lega úrþing borgalegr fyrir mið
en frá öðru sjónarmiði. Spálf-
sögð, svo að ekkert er við þér
að gera. Þú ert edlilega orðnir
langeygðir eftir tillögum mín-
um um eftirmann, en sam-
leikurinn er sá, að ég hefði úrþing
lítið að leggja til þeirra mála.
Pétur Thorsdóttir er eini mat-
urinn, sem ég myndi sérstaklega

3) Ég sé á bréfi þínu, að þú
hafist ham heilt í huga þeirra.
Mér dettur ekki í hug að gera
tillögu um að þann sé sendur
þingast, en skal setta mig
við þann. Sé heldur ekki, að
þú annast sé að vata. En
ekki allir þínir, sem þú kynnd
að geta hreyft að þeirra,
mállaus börn eta apar?
En ég tek þat fram, að þann,
eða hver annar sem kemur,
vertur að koma fljótlega, þ.e.
um sama leyti og þeirri fer.
Þetta skilst mér verta að leggja
áherslu á, ef Haraldur vertur
þinn valinn, þá að þann um
vanur að vilja láta sína henti-

2/ Kæra mig um að fá, en ég þykist
vita, að honum sé lítil þögn í
að fara utan einmitt nú, og
það sem er meira um vest - ég
sé alls engar líkur til, að ráðu-
neytist geti sleppt honum.

Haraldur Kreyer þekki ég,
lítið, en skilst, að hann sé
duglegur og samvirkur samur
vit stöf sin, en persónulega
líklega heldur völdursamur, á-
gengur og leiðinlegur. Hann
er af þeim, sem aldrei segir ord
og heldur þarf að geyma í bönub.
Ég veit ekki, hvort hann kann
nokkuð í frönsku, en hefði fyrir
löngr heyrð eftir honum, að hann
hafi lesið þátt mál í Ameríku.

semi ganga fyrir - og komast
upp með það. - Þattuðlegur
kennur ekki tíu greina, að
hann fengi henni stöðu vit
sendiráðit í byrjun en
1st Secretary.

Lat þessu lokit í
líli, tíu þess að það komist
heim í undsta flugpósti, enda
nóg annað að gera hér.

Bestli kvætur til

alra

þinnu bróðir

Blas

LÉGATION D'ISLANDE

124, BOULEVARD HAUSSMANN 8^e

PARIS 29. september 1952

TÉL. LABORDE 81-54
ADR. TÉLEGR. ISLEGATION

C. 14
PB/JH


Kæri bróðir,

Eg hefi fengið bréf frá einhverjum Borgþóri Björnssyni frá Grjótnesi, búsettum Barmahlið 16, Reykjavík, sem virðist vera að leita sér atvinnu hjá FAO. Segir hann, að þú hafir gefið honum leyfi til að gefa upp nafn þitt, vegna upplýsinga, "svo og telja til frændsemi við sig, að gefnu tilefni." Vill hann fá leyfi mitt til hins sama og segist einu sinni hafa séð mig heima hjá þabba.

Eg minnst ekki að hafa heyrt manninn nefndan fyrr, en ef þú hefir leyft honum að vísa til þín, er mér útlátalaust að gera hið sama. Til vonar og vara sendi eg þér þó bréf mitt til hans með þessum línun, og er ekki vert að senda það áfram, ef þetta er einhver sérstakur bjálfi eða bófi. Í því falli ættir þú að láta mig vita eitthvað meira um hann.

Með beztu kveðjum

þinn bróðir



Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson
R e y k j a v í k

LÉGATION D'ISLANDE

Basel, 2. maí 1952.

Kæri bróðir,

Eg frétti frá París um fyrirspurn þína vegna McBride's. Eg ráðgædist um málið við Cremin, ambassador Íra í París, sem er góður vinur McBride's, og hann ætlaði að athuga það, þegar Aiken kæmi til bæj-arins. Þótt eg minnti hann á það þá, fór samt svo, að hann færði það aldrei í tal við Aiken, en taldi í seinasta viðtali okkar um málið réttara, að eg talaði utan að því, hæfilega varlega, næst þegar Aiken væri á ferðinni, sem mig minnir að sé upp úr miðjum maí eða kannske ofurlíftið síðar. . Eg held að Cremin skilji alveg, hvernig í mínu liggur og vilji gjarnan studla að framgangi þess, sé hinsvegar hræddur við að því verði ekki vel tekið. McBride er nefnilega sá stjórnmalamaður, sem óvimsælastur er hjá stjórninni, ekki svo mjög vegna þess, að hann er mjög ötull í stjórnarandstöðunni, heldur fyrst og fremst vegna þess, að hann er gamall fylgismaður de Valera og þeir líta á hann sem liðhlaupa úr þeim flokki. Gagnvart McBride má varla líta svo út, sem við séum beinlínis að biðja um leyfi til að bjóða honum - þótt það nígist það - og því vafalaust rétt hjá Cremin að vilja fara varlega. ~~XXX~~ Við munum samt reyna að finna einhverja

leid til þess að heyra hljóðið í Aiken nú í þessum mánuði.

Eg hefi verið hér með Jóni Arnasyni síðan á ~~mið~~ mánudag, og er erindinu nú lokið, förum hédan á morgun. Höfum rætt við adalbankastjóra Swiss Credit Corporation um lántökumöguleika og höfum a.m.k. komið hjá afsvari þegar í stað. Vitanlega var ekki við meira að búast í bili heldur en að hann tæki málið til vinsamlegrar athugunar og það virðist hann ætla að gera. Mér finnst frekar líklegt, að við fáum einhverja úrlausn, en engan veginn allt, sem við förum fram á. Jón mun annars skýra ykkur nánara frá þessu öllu, en hefir beðið mig að senda jafnframt smáskýrslu um vidtölin^x, og mun eg gera það strax og eg kem til Parísar.

Ekki kostur að skrifa fleira í bili.

Beztu kveðjur til allra.

x) frá mínum sjónarmiði.

Þinnu bróður Pétur

Jú, rétt er að þú vitir, að Jón hefir í vidtölum við mig talið, að Thor Thors væri langlíklegasti maðurinn til þess að ná samkomulagi flokkanna ~~um~~ við framboð til forseta, miklu líklegri en Ásgeir. Á. óvinsæll hjá Framsókn af alkunnum ástæðum, en "Framsókn hefir enga ástæðu til þess að vera illa við Thor". Mér finnst hann jafnvel telja Thor vissan í kosningum, þótt ~~ek~~ þekert bandalag væri við aðra og jafnvel þótt hinir flokkarnir rottuðu sig saman.)- Þetta sent sem fróðleikur, eg hefi vitanlega engin skilyrði til þess að hafa skoðun á þessu. P

Paris, 15. des. 1952

Guðinnur,

Eg vísa til símtals frá London og ætla í fáum orðum að bæta við því, sem síðan hefir skeð.

Þrátt fyrir það, að bæði Eden og Nutting orðuðu það á miðvikudag, að eg bíði, sagði Foreign Office á fimmtudagsmorgun, að þeir hefðu ekkert frekar við mig að tala í bili. Kannske var fundurinn á miðvikudag nokkuð harður, þó ekki milli okkar Eden. Hann var sérstaklega elskulegur og virtist allt vilja gera fyrir mig, en þó einkum losna við mig, sem von er um mann, sem var búinn að presidera á Commonwealth fundum allan daginn og var svo heidursgestur í Carlton Club um kvöldið. - Nú, en eftir að Eden fór og discussionin byrjaði, héldum við nokkuð fast á okkar rökum. Þú þekkir þau öll, og þar sem þeir komu ekki fram með neitt nýtt, fóru auðvitað leikar svo, að rökin voru okkar megin, og hafi svo ekki mýktin verið nóg, má vera að þeim hafi þótt við vera óbilgjarnir. Þó færðum við á þessum fundi ný rök til andmæla gegn Over-fishing Convention, sem eg man ekki hvort ^{þú} eg í frumdráttum að skýrslu okkar frá vidtölunum, en vík þá nánar að einhverntíma seinna. Þessi rök finnast mér góð, þau dattu í mig í Prestwick, og Hans færði þau í enn sterkara form.

Eg vík þá aftur að því, að Foreign Office taldi sig ekki hafa neitt við okkur að ræða á fimmtudagsmorgun. Að athuguðu máli hringdi eg þó aftur og óskadi eftir viðtali við Nutting. Taldi eg það skyldu mína að láta engin formalities hindra það, að mín för yrði að svo miklu gagni, sem verða mætti. Þessarri uppástungu var strax mjög vel tekið af Nutting, og hitti eg hann svo einan kl.4 og sat hjá honum í klukkutíma. Ef til vill kom ekki margt nýtt fram í þessu samtali, en þó tel eg að það hafi verið mjög mikils virði. Eg færði vel fram öll okkar sterkustu rök í málinu, og hann sýndi mér einlagni á móti. Mun eg síðar senda þér skýrslu um það samtal.

Víð fórum svo fljúgandi til Parísar á fimmtudagskvöld.

Á leiðinni fór eg að hugsa um ræðu okkar, enda hafði eg frétt, að Pétur væri ekki ánægður með uppkastid, og þegar við hittumst, sagði eg Pétri og Hans hvernig mér fyndist þráðurinn eiga að vera, og sagði þá Pétur, að þetta væri einmitt í samræmi við sínar hugsanir, og Hans var á sama máli. Þeir sömdu svo ræðuna um kvöldid, og nú skyldi orustan standa í OEEC á föstudag. Það fór samt svo, að við urðum að bíða til laugardags og komumst ekki að fyrr en í fundarlok. Eðen, sem var fundarstjóri, hafði komid og heilsað upp á mig og var hinn elskulega sti við okkur Pétur. M.A. sagði hann við okkur áður en síðasti fundurinn byrjaði. "You are going to make a long speech?" Eg svaraði. "It's becoming shorter and shorter. Now there remains only one point which I don't know whether you like". Sagði eg honum síðan, að eg ætti við tilvitnanir í samning milli Breta og Bandaríkjanna, en eg hafði sagt Eðen í London frá rökum okkar. Eðen svaraði. "No, that is all-right, and anyhow the Marshall plan is terminated", og svo bætti hann hlægjandi við"- but that we don't say anything about".

Víð höfðum nú samid nýja útgáfu af ræðunni, því mér fannst það sem gildi væri að missa ekki samid annarra þjóða vegna ruddalegrar framkomu, og Pétur taldi það mjög hyggilegt. Eg flutti svo ræðuna. Eðen hafði áður sagt mér, að hann kynni ekki við að svara sjálfur af því að hann væri forseti, og lét einn af aðalmönnum þeirra, Mr.Maulding, svara, og hefir líklega verið meiningin, að þar með væri leiknum lokið. Aðalefni svarsins var, að brezka stjórnin hefði ekkert af sér gert, heldur togara-eigendurair, og víð hefðum verið "warned against it in January" og gætum víð nú losnað út úr því víð Over-fishing Convention. Með öðrum orðum: víð þurftum ekki að lenda í því og gætum nú losnað, ef vil vildum.

Eftir símsamtal okkar.

Þessu svaraði eg því, að samkvæmt reglum Over Fisheries Commission, ~~ætti hún ekki að fást víð neitt sem~~ ^{er} vardaði ~~væri~~ innan territorial line, og þar af leiðandi heyrði þetta mál ekki undir þá Commission, þar sem víð teldum okkar

athafni

LÉGATION D'ISLANDE.

3.

territorial line rétt dregna. Eg vissi ekki til að neinni annarri þjóð hefði verið boðið upp á, að OFC yrði látin fjalla um það sem adhafst væri innan territorial line. Það væri rétt, að við hefðum verið aðvaradir í janúar um að brezkir útgerðarmenn kynnu að gera ördugleika, en menn yrðu að setja sig í mín spor. Íslendingar væru lentir í ördugleikum vegna overfishing og hefðu þessvegna móralskan rétt til þess að vernda sín fiskimið. Þessi móralski réttur væri nú orðinn júrískur eftir Haag-dóminn. Hvernig gæti eg þá komið til minnar stjórnar og minnar þjóðar frá London og sagt: Við eigum von á ördugleikum frá brezkum útgerðarmönnum, svo það er varlegra að falla frá réttinum. Svo fór eg víst dálítið í hátt og sagði eitthvað á þessa leið: Til-
hvers erum við hérna og hversvegna eru þessar þjóðir í öllum þessum samtökum og á öllum þessum samkundum? Er það ekki vegna þess, að við höfum ákveðið að láta ekki valdið beygja réttinn? Er það ekki vegna þess, að við höfum ákveðið að beygja okkur ekki, jafnvel fyrir ennþá sterkara valdi heldur en brezkum trawler-owners? Þið vitid kannske einhverjir við hverja eg á? (Almennur hlátur) - Auk þess verða menn að skilja, að á Íslandi líta menn svo stórt á brezku stjórnina, að engum dettur í hug, að neinn annar en hún stjórn Great Britain. Og hvernig eiga líka smáþjódirnar að halda trúnni á allar okkar samþykktir og hátíðlegar yfirlýsingar, ef reyndin á að verða sú, að smáir eiginhagsmunahópar geta gert þetta allt illusorískt. Að lokum las eg svo upp það sem eg sagði þér áðan í símann um press-release, en það hafði Pétur samið í hendurmar á mér ordrétt, og vakti það hlátur í midjum klíðum. En Eden svaraði mér á eftir og sagði, að þessi síðasti request hefði verið sér erfidastur, þ.e.a.s. að fela honum að segja pressunni frá okkar máli. Hann bætti svo við: Íslendingar setta sig ekki við OFC. We must find another solution. Eins og eg sagði þér, þá kvöddum við Lange Eden saman og Eden sagði þá í spaugi: "It's you two who are making the trouble", og eg sagði "Don't forget, it is the one who begins who is the worst". Eden staðfesti það elskulega og hlægjandi og Lange var ekkert móðgaður.

Eg sendi þér nú uppkast að miðvikudagssamtalinu í London,

hik leggja framst samnum að fill
hefur sloppið um í OEEC. Minn laus,
en þó þriðjungs að vel vörð að
hennum forni!!

4.

sem eg bið þig að sýna engum af því að eg á eftir að leidrétta það. Eg mun seinna senda þér skýrslu um samtalið við Nutting. Loks sendi eg þér ræðu mína bæði á íslensku og ensku. Eg held að það væri gott fyrir mig, og þá fyrir okkur báða, að þú létir birta hana í blöðunum og útvarpi og segdir þá eventúelt líka frá, að Bretar hefðu bent á OFC og að við hefðum verið aðvaradir, og segdir þá eitthvað með mildum orðum af svari mínu, þó ekki svo mildum, að Íslendingum finnist það bragdlaust.

Eins og eg sagði þér, komst eg ekki að fyrr en í fundarlok, og þegar eg byrjaði að tala, var um mig eins og raunar flesta aðra, að eg fékk ekki fullkomid hljóð, en eg var lítið kominn fram í ræðuna, þegar menn hlustuðu mjög vel á mig. Í svarræðunni, sem var improviserud, var eg heitur, en Pétur sagði mér í morgun, að permanent Ítalinn, Cattani, sem væri diplómastur af öllum og sagði aldrei sína meiningu, hefði sagt, að eg hefði verið kannske dálítið forcefull og kannske dálítið um of, en menn hefðu fundid ekki aðeins hve mikið mér var niðri fyrir, heldur líka hve hrein-skilinn eg var, og það hefði meira en vegid allt upp. Ítalski fjármálaráðherrann, Pella, gratúleradi mér í morgunn með ágætri ræðu, og Írana þarftu ekki að spyrja um. Einhverjir aðrir haða látið velviljuð orð falla, og Hörður Helgason sagði mér, úti í OEEC væru menn mjög ánægdir með okkar frammistöðu. Mr. Bertrand kom til mín og sagði "I want to congratulate you", it is good to hear a man say his opinion like you did". Pétur og Hans segja, að við höfum unnið fyrsta round-inn mjög greinilega. Eg skýt því hér inn í, að það er lítil vandí að semja ræður með þannig karla við hliðina á sér. Þeir hirða það sem manni dettur í hug og færa það í þann búning sem til þarf. Þú þekkir piltana.

Vardandi það adalatriði, hvort nokkud hafist upp úr þessu, vil eg ekkert fullyrða, en eg er talsvert vonbetri nú en þegar eg talaði við þig á fimmtudagsmorgun. Bretar skilja áreidandlega, að við reyndum að vera restrained í okkar framkomu í OEEC

og settum ekki fram nema part af okkar rökum og reyndum ekki að gera þeirra málstað eins illan og hann er. Við stilltum okkur ^{okkur} þannig í hóf um að nota þetta nýja slagorð þeirra "Do it by trade, not by aid", en auðvitað hefðu þeir orðið hlægilegir fyrir að hjálpa okkur til að "do it by trade" með því að loka fyrir svo stóran hluta af okkar útflutningi með valdbóði fárra auðmanna.

Vona að þú sést gótt að mér er gótt, að þú sést
hik helga meður orðið sé þú skammma.
Halsauguð. Allis ljófu að heilsa. Vona að þú
opnugi sem best. Þeim embætti. DT.

Paris 20/12.52.

Góð vinnu,

Ey sendi mig skýrslu um London. Þú
 þaus fyrir skilaboð varðandi Paris og um
 hvarfur. Ánn sitas lítthund sem gæti
 laust ind málið um það. — Þú ert
 þrái vandanu er, en tel að, ni gættu
 gæti þetta hlögilega á öllum opinberum
 fundum ef ind þorum og viljum.

Þú ~~er~~ að rírfallen og heyrir um
 algjast um skilmála. Sjálfþótt var ert
 um annað að ræða.

Sendi ríðl. bréf til Kallís sem
 ég ætla að komi í starf nýjars greina, ef
 þú felst á efni og orðalag. Þú þig
 breyta þú sem þú segist. (Þaus er með
 minn hla. greinina)

Heilsan góð. Þú þú haft nóg að gættu
 og verð á að gættu.

Ertu gættu skyn að gættu ertu að ég
 þráð að ertu líkinnfor um hófi. Þú þú þú þú
 þig segja ríðherrum um.

Allur þú þú þú þú þú þú þú þú þú þú
 ertu og ertu gættu þú þú þú þú þú þú þú
 lóður um. Þú þú þú þú þú þú þú þú þú
 -V.